

Landspítali hefur að ósk velferðarráðuneytis metið hvað af viðhalds- og endurnýjunarpörf bygginga og tæknikerfa húsbúnaðar falli undir bráðaaðgerðir 2014 eins og ráðuneytið óskar eftir. Heildar viðhalds- og endurnýjunarpörf þessara þátta ásamt nauðsynlegum aðgerðum vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga til að næstu 3 ára er 5 milljarðar. Landspítali hefur skipt þessari upphæð á 3 ár og flokkað það sem er brýnast á árið 2014. Rétt er að benda á að listinn hefur breyst lítillega frá því í sumar. Hugmyndir sem kynntar hafa verið fyrir ráðherra um aðgerðir vegna skipulagsbreytinga hafa verið felldar inn í listann.

Alþingi  
Erindi nr. P 143/361  
komudagur 20.11.2013

Heildarskipting þessara verkefna er eftirfarandi:

Pörf fyrir viðhald og endurbætur á núverandi húsakosti og tæknikerfum Landspítala	2014	2015	2016+	Samtals m.kr
Utanhúsviðhald bygginga	568	575	243	1386
Endurnýjun tæknikerfa, loftræsting, súrefniskerfa	240	435	685	1360
Endurbætur innanhúss og bætt aðstaða	880	660	640	2180
Lagfæring lóða, göngu- og hjólastígar, malbikun malarstæða ofl	30	30	25	85
<b>Samtals</b>	<b>1718</b>	<b>1700</b>	<b>1593</b>	<b>5.011</b>

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum flokki.

**Utanhúsviðhald bygginga.**

Byggt er á ástandsskýrslu sem unnin var af Verkfræðistofunni Eflu fyrir Landspítala. Brýnustu verkefni og þau stærstu eru:

- Viðgerð á aðalbyggingu Landspítala við Hringbraut þar sem mygla fannst í veggjum. Áætlað er að ljúka þeirri viðgerð á næstu 3 árum.
- Aðalbygging í Fossvogi er illa farin og má ekki dragast að hefja viðgerð á henni.
- Landakostspítali þarfnast sömuleiðis stórra viðgerða

Utanhúsviðhald bygginga	2014	2015	2016+	Samtals m.kr
Geðdeild Hringbraut	30	30		60
Kvennadeild Hringbraut		10	30	40
Aðalbygging Hringbraut	65	65	60	190
Rannsóknarstofur Ármúla 1A		25	25	50
Aðalbygging Fossvogi	140	140		280
Endurhæfingardeild Grensási	35	30		65
Aðalbygging Kleppi og önnur hús þar	24	7	26	57
Landakotsspítali	100	125		225
Þjónustudeildir Tunguhálsi 2	15	15	15	45
Tæknimiðstöð Hringbraut		4	7	11
Rannsóknastofuhús Hringbraut	1	10	36	46
K-bygging Hringbraut	4		3	7
Eldhús Hringbraut	1	22		23
Augndeild Þorfinnsgötu			3	3
Aðalinngangur Hringbraut		31		31
Önnur hús við Hringbraut	5		10	15
Geðdeild , Hvítabandið			1	1
Landakotsspítali, hús á lóð	2	2	1	5
BUGL Dalbraut	3		6	9
Hús í Kópavogi, líknardeild ofl	43	2		45
Vífilsstaðaspítali og hús á lóðinni	85	51	20	156
Hús við Landspítala í Fossvogi	15	8		23
				0
<b>Samtals</b>	<b>568</b>	<b>575</b>	<b>243</b>	<b>1386</b>

## Tæknikerfi

Tæknikerfi húsnæðis Landspítala eru víða komin til ára sinna og þarfnast viðhalds.

- Lyfjaloftskerfi (súrefni, glaðloft, öndunarloft) spítalans uppfylla ekki ISO staðla og má það ekki dragast að þau verði lagfærð
- Tæknikerfi í rannsóknastofum í Ármúla þarfnast endurnýjunar en í þessari rannsóknastofu er fengist við hættulegustu bakteríur og veirur.
- Efla þarf öryggi rafkerfa, sérstaklega í Fossvogi þar sem aðeins er ein varavél ef rafmagn fer af og stýrikerfi hennar er orðið gamalt og ekki treystandi lengur.
- Vinna að því að endurnýja gömul loftræstikerfi og koma brunahólfun bygginga í samræmi við reglugerðir.

Endurnýjun tæknikerfa	2014	2015	2016+	Samtals m.kr
Legudeildir Hringbraut, endurnýjun loftræstikerfa		40	40	80
Kvenna- og fæðingardeild, endurnýjun loftræstikerfa			20	20
Geðdeild Hringbraut, endurnýjun loftræstikerfa m.a. vegna brunavarna		30	20	50
Legu- og skurðeildir Fossvogi, endurnýjun loftræstikerfa	10	10	20	40
Skurðstofuloftræsting kvennadeild, endurnýjun			15	15
Rannsóknastofur Ármúla, endurnýjun loftræstisamstæða og rafmagns	50	50		100
Landakotsspítali, uppsetning loftræstingar sem er ekki fyrir hendi			100	100
Stofnlagnir, kalt vatn og frárennsli, Hringbraut og Fossvogi	10	10	10	30
Sprinkler brunavarnarkerfi, Hringbraut, Fossvogur, Landakot, geðdeild		40	140	180
Öndunarloftskerfi, súrefni ofl. Uppfæra að staðli, ISO	40	40	45	125
Rafkerfi, uppfæra að stöðlum, hringtenging, varavél í Fossvog og UPS kerfi	30	30	100	160
Stjórnkerfi húsa		35	15	50
Endurnýjun gamalla sjúkrakallkerfa		25		25
Endurnýjun brunaviðvörðunarkerfa	10	15	10	35
Kælikerfi tölvusala ofl	20	20		40
Endurnýjun og lagfæring gamalla lyfta	30	30	40	100
Brunahólfun bygginga, sérstaklega geðdeildar Hringbraut	40	60	70	170
Rafskautsketill á Hringbraut í stað olíuketils			40	40
<b>Samtals</b>	<b>240</b>	<b>435</b>	<b>685</b>	<b>1360</b>

### Endurbætur innanhúss og bætt aðstaða

Byggingar Landspítala eru orðnar gamlar og ljóst að lagfæring þeirra mun aldrei koma þeim í það horf sem gera verður kröfur um á aðalsjúkrahúsi landsmanna. Hins vegar geta brýnustu lagfæringar ekki beðið. Þá er gert ráð fyrir aðgerðum til þess að tryggja framgang skipulagsbreytinga. Þar er helst að nefna bráðalyftu við Hringbraut, viðbyggingu við K-byggingu, skrifstofugáma við Hringbraut og endurbætur á klínískum rýmum.

- Koma fyrir lyftu í aðalbyggingu á Hringbraut þannig að hægt sé með sæmilegu móti að flytja sjúklunga frá hjartagátt/sjúklingamóttöku upp á skurðstofur og gjörgæslu.
- Endurbætur á klínískum rýmum
- Ljúka innréttingu geðgjörgæslu og tengja sjálfvirkt slökkvikerfi hennar
- Viðbygging við Landspítala á Hringbraut. Annars vegar 400 fm bygging sem getur hýst léttu starfsemi og hins vegar 1200 fm viðbygging við K-byggingu sem getur hýst greininga- og meðferðarstarfsemi. Öll rými á Landspítala við Hringbraut eru fullnýtt og ómögulegt að þróa starfsemina áfram án aukins húsnæðis.
- Uppsetning skrifstofugáma við Hringbraut til þess að bæta starfsaðstöðu starfsmanna og rýma fyrir klínískri starfsemi í aðalbyggingunni.

Endurbætur innanhúss og bætt aðstaða	2014	2015	2016+	Samtals m.kr
Bráðalyfta frá sjúkramóttöku að skurðgangi og gjörgæslu Hringbraut	70			70
Lagfæring á aðalinngangi Hringbraut	50			50
Uppsetning nýrra tækja, æðapræðingarstofa ofl.	50	50		100
Endurbætur á klínískum rýmum	300	300	300	900
Endurbætur á starfsmannaaðstöðu, öll hús, búningsherbergi ofl	20	20	40	80
Geðgjörgæsla 2. áfangi	60			60
Viðbygging 400 fm, stoðrymi skurðstofa ofl á Hringbraut	20	50	60	130
Viðbygging 1200 fm við K-byggingu, lyfjablöndun, rannsóknarstofur, línuhrað	240	240	240	720
Skrifstofugámar við Hringbraut	70			
<b>Samtals</b>	<b>880</b>	<b>660</b>	<b>640</b>	<b>2110</b>

### Lagfæring lóða

Bílastæði og göngustígar við Landspítala eru víða ómalbikuð. Það er í fyrsta lagi ekki bjóðandi þeim sem eiga erindi á sjúkrahúsið og í öðru lagi berst ryk og óprifnaður inn sem getur truflað starfsemina svo sem í rannsóknastofum. Þá er brýnt að skapa starfsfólki betri aðstöðu fyrir reiðhjól sín sem það mætir á í vinnu.

Lagfæring lóða	2014	2015	2016+	Samtals m.kr
Hjólástígar og malbikun malarstæða við Landspítala Hringbraut	10	10	10	30
Hjólástígar og malbikun bílastæða við Landspítala Fossvogi	10	10	15	35
Yfirbyggð hjólástæði	10	10		20
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>25</b>	<b>85</b>